



Borgarráð

**Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um útsalerni í Reykjavík. Tilvísun í mál R20010387.**

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Miðflokksins varðandi útsalerni í Reykjavík, dagsett 30. janúar 2020 málsnúmer R20010387. Fyrirspurnin er svohljóðandi: „*Hver er staðan á útsalernum í Reykjavík eftir að samstarfssamningur um þau rann út um áramót?*“

Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlandsins komst að samkomulagi við þáverandi eiganda salerna um kaup á þeim gegn vægu gjaldi. Þessi lausn var talin hagkvæmust og hugsuð sem tímabundið til að tryggja þessa þjónustu þangað til ný salerni yrðu boðin út og sett upp. Keypt voru öll salerni ásamt þjónustubifreið sem reyndar nýtist að mestu leiti í önnur verkefni, auk aðgangs að sérfræðiþjónustu fyrrum eiganda, enda þekking á rekstri sjálfvirkra almenningsalerna af skornum skammti. Í heild voru greiddar 10 mkr. án virðisauka fyrir salernin til Reykjavíkurborgar í þáverandi ástandi ásamt öllum þeim skyldum sem þeim fylgja og var skipting kostnaðar sem hér segir:

- Salerni ásamt öllum þeim íhlutum og lager sem til staðar var við undirritun samnings, samtals 5 mkr.
- Bifreið með öllum búnaði sem jafnframt nýtist í umhirðu strætóskýla og umferðarskilta samtals 3 mkr.
- Sérfræðiþjónusta: 2 mkr.

Eitt salerni hefur verið bilað frá því um mitt ár 2019 en það salerni var ekki innifalið í síðustu framlengingu á útboði um rekstur þeirra og mun Reykjavíkurborg ekki koma til með að kosta viðgerð á því. Hugmyndin er að taka það niður og nýta hluta úr því í varahluti. Það eru því sex salerni í rekstri í dag.

Með ofnagreiðri lausn skertist ekki þjónusta almenningsalerna í Reykjavík og féll aldrei niður.

Áhersla er lögð á að hér er um að ræða skammtímalausn sem brúa á bilið þar til frambærilegri lausn verður að veruleika sem vonandi verður í ágúst á þessu ári. Verði það raunin, mun heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna kaupa og niðurrifs eldri salerna líklega verða sambærilegur eða heldur minni en framlenging þjónustusamnings til 8 mánaða hefði komið til með að kosta.

Hjalti Jóhannes Guðmundsson,  
skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins